



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2018

FRAN2DD05

Kennari:	Hrefna Clausen	St.312	HC
-----------------	-----------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing: Helstu efnisþættir áfangans eru: *La Francophonie* (Frönskumælandi samfélög), *La vie quotidienne* (Daglegt líf), *Nouvelles de France* (Fréttir frá Frakklandi), *Les clés du langage* (Lyklar tungumálsins). Nemendur lesa skáldsögu og vinna ýmsa texta úr tímaritum og af neti. Haldið áfram að þjálfra undirstöðuatriði franskrar málfræði. Veruleg aukning á orðaforða og málskilningi og aukin áhersla á skriflegri og munnlegri tjáningu. Nemendur vinna einstaklingsverkefni um sjálfvalið efni í samræði við kennara. Við lok áfangans eiga nemendur að vera komnir að mörkum A2 og B1 samkvæmt evrópska tungumálamatsrammanum.

Undanfari: **FRA1CC05** (áður FRA 303)

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins,
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur,
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og að beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

-
- **Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
 - fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum sé efnið kunnuglegt
 - afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
 - tileinka sér aðalatriði í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og draga ályktanir af því sem hann les
 - lesa skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína
 - takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtali gangandi
 - miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
 - útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir sem og að gera málamiðlanir
 - skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
 - skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein
-

Námsefni og kennslugögn

- *Énigme en Périgord* – Smásaga
- Margvíslegt efni af neti, s.s. fréttatextar, franskt kennsluefni, söngtextar
- Tímaritsgreinar úr *Bien-Dire*
- **Að auki skulu nemendur útvega sér STRAX í upphafi annar :**
 - ✓ Stílabók/ Leiðarbók = **Journal de bord** fyrir glósur, málfræði, verkefni, ritanir, o.fl.
Le journal du bord sýnir virkni nemandans á önninni og er þannig **hluti af námsefninu**.
 - ✓ Lausblaðamöppu fyrir verkefni, ljósrit, æfingar, glósur, málfræðireglur og fleira.

Orðabóka-og kennsluvefir

- ✓ www.snara.is : Fransk-ísl. orðabókavefur (Ísl-frönsk orðabók er ekki tilbúin en er í vinnslu),
- ✓ www.wordreference.com/fr - <http://www.translate.com/> : Orðabókavefir
- ✓ <http://languagelearningbase.com/92322/les-meilleurs-dictionnaires-de-la-langue-francaise-en-ligne> : Gagnlegar franskar orðabækur á netinu
- ✓ <http://leconjugueur.lefigaro.fr/> : Gagnlegur vefur um beygingu franskra sagna.
- ✓ <http://francaisavec pierre.com/tag/niveau-a1a2/> Kennsluvefur eftir Pierre
- ✓ <http://francaisavec pierre.com/tag/niveau-a1a2/> - Kennsluvefur eftir Pierre
- ✓ <https://www.francaisavec pierre.com/histoire-en-francais-avec-transcription-robinson-crusoe/> - Kennsluvefur eftir Pierre
- ✓ <http://apprendre.tv5monde.com/fr/niveaux/a2-elementaire> - Kennsluvefur TV5

Áætlun um yfirferð, verkefnaskil og námsmat

Áfanginn er símatsáfangi þar sem unnið verður með efni úr smásögunni *Énigme en Périgord*, textum úr tímaritinu *Bien-Dire* og efni af neti. Farið verður í ákv. málfræðiatríði, orðaforða og nemendur þjálfá hlustun, skilning, ritun og tal í gegnum fréttasíður, myndefni og ýmsa texta. Kennari mun styðjast við **leiðsagnarmat** í áfanganum sem stuðlar að því að hvetja nemendur áfram með reglulegri endurgjöf í formi munnlegra og skriflegra umsagna.

Öll vinna í áfanganum byggir á **sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda** og tekur á færniþáttunum fjórum: **hlustun, tali, lestri og ritun**. Nemendur sem einhverra hluta vegna eru undanþegnir

mætingarreglum skólans, skulu **strax í upphafi annar** komast að samkomulagi við kennara um mætingar og verkefnavinnu.

Athugið vel eftirfarandi :

- Nemendur **bera sjálfir ábyrgð** á sínu námi. Því er nauðsynlegt að skipuleggja vel tíma sinn, **mæta í kennslustundir** og **sinna náminu reglulega**. Auðvelt er að dragast afturúr með slugsí.
- Geti nemandi ekki tekið próf eða lokið verkefni á þeim tíma sem það er lagt fyrir, **skal hann sjálfur** hafa frumkvæði að því að ljúka því á öðrum tíma. Einkunnin **0** er gefin fyrir vanskil og eða fjarveru frá verkefnum/prófum, hafi engin viðhlítandi skýring borist þar að lútandi.
- Nemendur sem eru einhverra hluta vegna undanþegnir skólasóknarreglum skulu **fylgjast vel með allri vinnu áfangans** m.a. á MOODLE og lokaðri FB síðu áfangans.
- Notkun **snjalltækja** í kennslustundum er **takmörkuð** og **háð reglum** sem kennari setur.

Námsmat:

Énigme en Périgord - Skáldsaga	30 %
Bien-Dire - Franskt tímarit	30 %
Einstaklingsverkefni	10 %
Ýmis verkefni	10 %
Munnleg frammistaða	15 %
ÁSTundun VIÐvera VINNUbrögð	5 %
Lokaeinkunn	100%

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf, FSu í janúar 2018, Hrefna Clausen